

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

OG

**KENNARASAMBANDS ÍSLANDS
VEGNA
FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA**

**SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG
FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS**

GILDISTÍMI:

1. júní 2014 til 31. maí 2015

EFNISYFIRLIT

1. Framlenging gildandi kjarasamninga.....	3
2. Almenn launahækkun.....	3
3. Föst mánaðarlaun.....	3
4. Lífaldur og launaprep	4
5. Desemberuppbót (persónuuppbót).....	4
6. Orlofsuppbót	4
7. Starfsþróun.....	5
8. Framhaldsnám.....	6
9. Gildistími.....	7
10. Bókanir.....	8
11. Forsenduákvæði	8
12. Fylgiskjal I: Launatöflur.....	9
13. Fylgiskjal II: Röðun í launaflokka.....	12

Samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. ALMENN LAUNAHÆKKUN

Laun skv. gr.1.1.1 í kjarasamningi aðila hækka í samræmi við launatöflur í fylgiskjali I.

Grein 1.1.1, hljóði svo:

Mánaðarlaun þeirra félagsmanna sem hafa leyfisbréf sem leikskólakennarar og gegna fullu starfi, skulu greidd skv. launatöflum 1a, 1b og 1c í fylgiskjali I:

Launatafla 1a, gildistími: 1. júní 2014 – 28. febrúar 2015.

Launatafla 1b, gildistími: 1. mars 2015 – 31. maí 2015.

Launatafla 1c, gildistími: 1. júní 2014 – 31. maí 2015. (Sjá bókun 3 og forsenduákvæði um neyslhlésgreiðslur).

Mánaðarlaun þeirra leiðbeinenda sem gegna fullu starfi í leikskóla, skulu greidd skv. launatöflu 2, í fylgiskjali I:

Launatafla 2, gildistími: 1. júní 2014 – 31. maí 2015.

3. FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.5, sérstök eingreiðsla á samningstímanum til leiðbeinenda, hljóði svo:

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í júní 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í júní 2014. Eingreiðsla þessi nær eingöngu til þeirra félagsmanna FL sem taka laun samkvæmt launatöflu 2 í kjarasamningi samningsaðila.

Grein 1.1.6, sérstök eingreiðsla á samningstímanum til leiðbeinenda, hljóði svo:

Þann 1. febrúar 2015 greiðist sérstök eingreiðsla kr. 20.000 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í janúar 2015. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í janúar 2015. Eingreiðsla þessi nær eingöngu til þeirra félagsmanna FL sem taka laun samkvæmt launatöflu 2 í kjarasamningi samningsaðila.

4. LÍFALDUR OG LAUNABREP

Grein 1.2.1, hljóði svo:

Lífaldur og launabrep í launatöflu 2 eru sem hér segir:

1. þrep til og með 34 ára aldri
2. þrep frá 35 ára aldri
3. þrep frá 40 ára aldri

Innröðun í þrep miðast við aldur frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

5. DESEMBERUPPBÓT (PERSÓNUUPPBÓT)

Grein: 1.7.1, desemberuppbót hljóði svo:

1.7.1 Desemberuppbót verður sem hér segir:

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert sem hér segir:

1. desember 2014 kr. 73.500

Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár.

6. ORLOFSUPPBÓT

Grein: 4.2.3, orlofsuppbót hljóði svo:

4.2.3 Orlofsuppbót verður sem hér segir:

1. maí 2015 kr. 75.500

Hinn 1. maí ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu, skal hann frá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður lætur af störfum eftir a.m.k. 5 mánaða samfellt starf á orlofsárinu. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

7. STARFSÞRÓUN

Grein 10.2.2, starfsþróun leikskólakennara, hljóði svo:

Leikskólakennari með leyfisbréf sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun þess sem tekur laun samkvæmt launatöflum 1a og 1b í fylgiskjali I, sem hér segir:

- eftir 5 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka,
- eftir 10 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar,
- eftir 15 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar.

Ávinnsla starfsaldurs í launuðu námsleyfi er jöfn lengd námsleyfis.

Skilyrði fyrir launaflokkahækkunum samkvæmt þessari grein er að starfsmaður sé ráðinn í fast starfshlutfall og sé með leyfisbréf sem leikskólakennari.

Í leikskóla er metin sambærileg starfsreynsla við skólastofnanir sem starfa samkvæmt lögum og námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur. Eingöngu er hér átt við starfsreynslu eftir að viðkomandi lauk háskólaprófi. Við mat á starfsreynslu teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof þ.e. 6 mánuðir miðað við gildandi lög.

Þeir starfsmenn sem við gildistöku kjarasamningsins (1. júní 2014) hafa áunnið sér tvo launaflokka vegna 9 ára starfsaldurs halda þeim og fá þá ekki tvo launaflokka vegna 10 ára starfsaldurs.

Grein 10.2.3, starfsþróun leiðbeinenda, hljóði svo:

Leiðbeinandi sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun þess sem tekur laun samkvæmt launatöflu 2 í fylgiskjali I, sem hér segir:

- eftir 5 ára starf sem leikskólaleiðbeinandi um tvo launaflokka,
- eftir 9 ára starf sem leikskólaleiðbeinandi um tvo launaflokka til viðbótar,
- eftir 15 ára starf sem leikskólaleiðbeinandi um tvo launaflokka til viðbótar.

Heimilt er að meta sambærilega starfsreynslu starfsmanns eftir háskólanám við ákvörðun starfsaldurs skv. þessari grein og gildir það einnig um starfsreynslu leikskólakennara erlendis enda liggi fyrir staðfesting þar um.

Ávinnsla starfsaldurs í launuðu námsleyfi er jöfn lengd námsleyfis.

Skilyrði fyrir launaflokkahækkunum samkvæmt þessari grein er að starfsmaður sé ráðinn í fast starfshlutfall.

Sambærileg starfsreynsla gildir um öll störf innan skólakerfisins á öðrum skólastigum hvort sem er um stjórnun, kennslu, starf stuðningsfulltrúa, sérkennslu, starf við lengda viðveru, starf á skólaskrifstofu, við ráðgjöf sem tengist fræðslu/kennslu/námi, starf á sambýlum og með fötludum og starf innan íþróttá- og tómsfundageirans. Eingöngu er hér átt við starfsreynslu eftir að viðkomandi lauk háskólaprófi.

Við mat á starfsreynslu teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof þ.e. 6 mánuðir miðað við gildandi lög.

8. FRAMHALDSNÁM

Grein 10.4.1, framhaldsnám leikskólakennara sem taka laun samkvæmt launatöflum 1a og 1b í fylgiskjali I, hljóði svo:

Hafi starfsmaður lokið formlegu 60 ECTS eininga prófi (diplóma) á háskólastigi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um einn launaflokk.

Hafi leikskólakennari tvöfalt Bed/BA/BS próf eða Med/MS/MA próf, raðast hann tveimur launaflokkum hærra en ella.

Viðbótarmenntun vegna diplóma og meistaraþrófs er mest metin til tveggja launaflokka. Einingar eru aldrei tvítaldar.

Hafi leikskólakennari doktorspróf raðast hann þrem launaflokkum hærra en starfsmaður með meistaraþróf.

Launabreytingar vegna framhaldsnáms gilda frá næstu mánaðamótum þess mánaðar er starfsmaður skilar inn gögnum frá viðkomandi menntastofnun til vinnuveitenda er sýni að námi sé lokið.

Grein 10.4.2, framhaldsnám leiðbeinenda sem taka laun samkvæmt launatöflu 2 í fylgiskjali I, hljóði svo:

Hafi starfsmaður framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi hækkar röðun hans um tvo launaflokka fyrir hverjar 60 ECTS einingar, með þeirri undantekningu að meistaraþróf gefur sex launaflokka. Þó skal enginn fá fleiri en sex launaflokka á grundvelli þessarar málsgreinar, þ.m.t. meistaraþróf.

Eftir að lög um háskóla nr. 63/2006 tóku gildi var einingakerfi háskólastigsins breytt og eru allar einingar jafngildar ECTS einingum (European Credit Transfer System). Þetta þýddi að einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi háskóla var tvöfaldaður, þ.e. námskeið sem áður var metið til 3 eininga var með breytingunni metið til 6 ECTS-eininga o.s.frv. Sbr. 6.gr. laga nr. 63/2006 svara 60 námseiningar (ECTS) til fulls náms á ársgrundvelli. Við endurskoðun kjarasamnings árið 2011 var fjölda eininga breytt til samræmingar við breytt einingakerfi háskólastigsins. Ef háskólamenntun leikskólakennara er á sviði rekstrar og/eða stjórnunar sem sannarlega nýtist í stjórnunarstörfum í þágu leikskólans þó svo að hún sé ekki í beinum tengslum við viðurkennt framhaldsnám leikskólakennara skal hún engu að síður metin skv. þessari grein.

Launabreytingar vegna framhaldsnáms gilda frá næstu mánaðamótum þess mánaðar er starfsmaður skilar inn gögnum frá viðkomandi menntastofnun til vinnuveitenda er sýni að námi sé lokið.

9. GILDISTÍMI

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 4. júlí 2014. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 4. júlí 2014 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 16. júní 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Félags leikskólakennara, með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

10. BÓKANIR

Bókun 1 um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til aðilar hafa komið sér saman um framtíðarráðstöfun þess.

Bókun 2 um viðræðuáætlanir

Aðilar eru sammála um að ganga frá viðræðuáætlun eigi síðar en 15. september 2014. Í viðræðuáætlun verði skilgreind þau atriði, sem aðilar vilja ræða sameiginlega s.s. um undirbúningstíma og nýtingu hans.

Bókun 3 um neysluhlé

Aðilar eru sammála um að ekki verður gerður ágreiningur um að sérstökum aukagreiðslum vegna neysluhlés, sem dæmi eru um að greiddar hafi verið, verði sagt upp við gildistöku þessa kjarasamnings.

Bókun 4 um mat á starfsreynslu leikskólakennara sem leiðbeinanda

Vegna sérstakrar aðgerðar til eflingar leikskólastigsins sem felur m.a. í sér að fjölga leikskólakennurum er sveitarfélagi heimilt að meta starfsreynslu þeirra leiðbeinanda sem útskrifast með M.ed. í leikskólafræðum frá og með 1. júní 2014, vegna þess tíma sem þeir hafa fengið greidd laun samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara. Skilyrði fyrir mati á starfsreynslu þeirra er að viðkomandi hafi starfað á kjarasamningi Félags leikskólakennara.

Bókun 5 um starfsheiti leiðbeinanda

Aðilar eru sammála um að ræða á samningstímanum starfsheiti leiðbeinanda A og B, með það að markmiði að ný starfsheiti endurspegli menntun starfsmannsins.

11. FORSENDUÁKVÆÐI

Sveitarfélög sem greiða fastar greiðslur, svokallaðar neysluhlésgreiðslur, til þeirra sem fá greidd laun samkvæmt launatöflum 1a og 1b í kjarasamningi þessum, geta sagt þeim upp með hefðbundnum þriggja mánaða fyrirvara.

Aðilar eru sammála um að starfsmenn sem fengið hafa neysluhlésgreiðslur, byrji ekki að taka laun samkvæmt þessum kjarasamningi fyrr en uppsögn þeirra greiðslna hefur tekið gildi.

Starfsmaður sem notið hefur slíkra greiðslna á þó kost á því að afsala sér þeim með yfirlýsingu sem send er viðkomandi sveitarfélagi. Velji hann það, tekur hann laun samkvæmt kjarasamningi þessum frá næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Afsali starfsmaður sér ekki föstum greiðslum þá tekur hann laun samkvæmt ákvæðum fyrri kjarasamnings aðila og launatöflu 1c, þar til uppsögn fastra greiðslna tekur gildi.

12. FYLGISKJAL I: LAUNATÖFLUR

LAUNATAFLA 1-A	
Félag leikskólakennara	
Leikskólakennarar	
Gildir frá 1. júní 2014 til 28. febrúar 2015	
Launaflokkur	Laun
226	291.611
227	299.097
228	306.806
229	314.747
230	322.928
231	331.352
232	340.029
233	348.966
234	358.174
235	367.656
236	377.422
237	387.482
238	397.843
239	408.514
240	419.507
241	430.830
242	442.490
243	454.503
244	466.875
245	479.618
246	492.744
247	506.263
248	520.187
249	534.530
250	549.303

LAUNATAFLA 1-B	
Félag leikskólakennara	
Leikskólakennarar	
Gildir frá 1. mars 2015 til 31. maí 2015	
Launaflokkur	Laun
226	297.443
227	305.079
228	312.942
229	321.042
230	329.387
231	337.979
232	346.830
233	355.945
234	365.337
235	375.009
236	384.970
237	395.232
238	405.800
239	416.684
240	427.897
241	439.447
242	451.340
243	463.593
244	476.213
245	489.210
246	502.599
247	516.388
248	530.591
249	545.221
250	560.289

LAUNATAFLA 1-C			
Félag leikskólakennara			
Leikskólakennarar sem njóta neysluhlésgreiðslna			
Gildir frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015			
L.fl.	< 34 ára	frá 35 ára	frá 40 ára
103	257.102	264.099	271.308
104	260.601	267.704	275.019
105	264.151	271.361	278.786
106	267.757	275.073	282.611
107	271.416	278.842	286.492
108	275.130	282.666	290.432
109	278.898	286.549	294.429
110	282.722	290.489	298.488
111	286.607	294.488	302.607
112	290.547	298.548	306.789
113	294.549	302.668	311.033
114	298.609	306.850	315.339
115	302.729	311.095	319.712
116	306.912	315.404	324.150
117	311.158	319.778	328.655
118	315.467	324.217	333.225
119	319.842	328.722	337.867
120	324.281	333.295	342.577
121	328.788	337.935	347.358
122	333.362	342.647	352.210
123	338.005	347.429	357.136
124	342.716	352.282	362.135
125	347.500	357.209	367.209
126	352.353	362.209	372.358
127	357.282	367.284	377.587
128	362.282	372.435	382.893
129	367.360	377.664	388.277
130	372.511	382.971	393.745
131	377.741	388.358	399.293
132	383.050	393.825	404.924
133	388.438	399.374	410.641
134	393.906	405.007	416.442
135	399.457	410.724	422.331
136	405.090	416.527	428.308
137	410.809	422.416	434.375
138	416.612	428.395	440.531
139	422.505	434.463	446.782

LAUNATAFLA 1-C			
Félag leikskólakennara			
Leikskólakennarar sem njóta neysluhlésgreiðslna			
Gildir frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015			
L.fl.	< 34 ára	frá 35 ára	frá 40 ára
140	428.485	440.623	453.126
141	434.554	446.874	459.566
142	440.715	453.219	466.100
143	446.966	459.660	472.734
144	453.313	466.198	479.468
145	459.755	472.832	486.300
146	466.293	479.568	493.239
147	472.931	486.403	500.279
148	479.666	493.341	507.424
149	486.504	500.383	514.679
150	493.443	507.531	522.041
151	500.487	514.785	529.513
152	507.637	522.150	537.098
153	514.893	529.625	544.797
154	522.258	537.210	552.610
155	529.734	544.910	560.542
156	537.322	552.727	568.591
157	545.026	560.659	576.763
158	552.843	568.711	585.058
159	560.777	576.884	593.475
160	568.830	585.180	602.020
161	577.005	593.600	610.691
162	585.303	602.145	619.493
163	593.724	610.819	628.429
164	602.271	619.623	637.496
165	610.947	628.561	646.701
166	619.754	637.630	656.043
167	628.692	646.836	665.527
168	637.765	656.182	675.152
169	646.973	665.667	684.921
170	656.320	675.294	694.836
171	665.836	685.086	704.912
172	675.492	695.019	715.134
173	685.286	705.097	725.503
174	695.223	715.321	736.022
175	705.303	725.694	746.696

LAUNATAFLA 2			
Félag leikskólakennara			
Leiðbeinendur			
Gildir frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015			
L.fl.	< 34 ára	frá 35 ára	frá 40 ára
103	264.301	271.494	278.905
104	267.898	275.200	282.720
105	271.547	278.959	286.592
106	275.254	282.775	290.524
107	279.016	286.650	294.514
108	282.834	290.581	298.564
109	286.707	294.572	302.673
110	290.638	298.623	306.846
111	294.632	302.734	311.080
112	298.682	306.907	315.379
113	302.796	311.143	319.742
114	306.970	315.442	324.168
115	311.205	319.806	328.664
116	315.506	324.235	333.226
117	319.870	328.732	337.857
118	324.300	333.295	342.555
119	328.798	337.926	347.327
120	333.361	342.627	352.169
121	337.994	347.397	357.084
122	342.696	352.241	362.072
123	347.469	357.157	367.136
124	352.312	362.146	372.275
125	357.230	367.211	377.491
126	362.219	372.351	382.784
127	367.286	377.568	388.159
128	372.426	382.863	393.614
129	377.646	388.239	399.149
130	382.941	393.694	404.770
131	388.318	399.232	410.473
132	393.775	404.852	416.262
133	399.314	410.556	422.139
134	404.935	416.347	428.102
135	410.642	422.224	434.156

13. FYLGISKJAL II: RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA

LEIKSKÓLAKENningar

Leikskólakennarar taka laun samkvæmt launatöflu 1a og 1b, skv. fylgiskjali I

Starfsheiti	Launaflokkur
Leikskólakennari	233
Leikskólasérkennari / Leikskólakennari, umsjón með þjálfun í grunnskóla / Verkefnastjóri / Sérgreinastjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (allt að 60 nemendur)	234
Deildarstjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (fleiri en 60 nemendur)	235
Sérkennslustjóri	236

LEIÐBEINENDUR

Leiðbeinendur í leikskóla taka laun samkvæmt launatöflu 2, skv. fylgiskjali I

Starfsheiti	Launaflokkur	Menntunar-kröfur
Aðstoðarleikskólakennari	106	IV
Leikskólaleiðbeinandi A	113	II
Leikskólaleiðbeinandi B	111	III
Sérkennari A	115	II
Sérkennari B	113	III
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	117	IV
Deildarstjóri A / Verkefnastjóri A / Sérgreinastjóri A	120	II
Deildarstjóri B / Verkefnastjóri B / Sérgreinastjóri B	118	III
Sérkennslustjóri A	122	II
Sérkennslustjóri B	120	III

Kröfur um menntun / réttindi	
Leyfisbréf leikskólakennara , sbr. lög nr. 87/2008, II. kafli, 3. grein	I
BEd, BA í uppeldisgreinum, öðrum en leikskólakennarafræðum eða leyfisbréf til kennslu í grunn- eða framhaldsskóla. Bed í leikskóla- eða grunnskólakennarafræðum frá 2012 eða síðar og hafa ekki leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi	II
BA, BS í öðrum greinum	III
Dipl. (120 ECTS eininga) nám í leikskólakennarafræðum frá viðurkenndum háskóla	IV
Eldra Dipl. (90 ECTS eininga) nám í leikskólakennarafræðum frá viðurkenndum háskóla	